



FJÖLMIÐLANEFND

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2022
Mál nr. 2022-64 / 0.4

Efni: Umsögn Fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 450. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. mars 2022, þar sem óskað var umsagnar Fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 450. mál. Með frumvarpinu er lagt til að tóbakslausar nikótínvörur verði felldar undir gildissvið laga nr. 87/2018 og að eftirlit með auglýsingabanni á þeim vörum sem falla undir gildissvið laganna verði í höndum Neytendastofu og Fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd vísar til fyrri umsagnar um frumvarp sama efnis til Velferðarnefndar Alþingis, dags. 20. apríl 2021. Í fyrirliggjandi frumvarpi hefur verið brugðist við þeim athugasemdum sem fram komu í umsögn Fjölmiðlanefndar. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er lagt til að Neytendastofa fari með almennt eftirlit með auglýsingabanni á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Í 27. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjölmiðlanefnd fari með eftirlit með auglýsingum á fyrrgreindum vörum í fjölmiðlum, með því að orðinu „nikótínvörur“ verði bætt við ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Fjölmiðlanefnd er hlynnt framangreindum breytingum, með vísan til þess að markaðssetning fyrir framangreindar vörur fer fyrst og fremst fram á samfélagsmiðlum. Nefndin bendir á að samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi gildir auglýsingabannið eingöngu um vörur og vörumerki þeirra vörutegunda sem talin eru upp í frumvarpinu. Áfram verður heimilt að auglýsa sölustaði nikótínþúða, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur, hvort sem um er að ræða sérsverslanir sem eingöngu selja slíkar vörur eða aðra sölustaði.

Fyrir hönd Fjölmiðlanefndar,

Heiðdís Lilja Magnúsdóttir
yfirlögfræðingur

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri